



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Helgi Héðinsson

## Skútustaðahreppur

**24. mars 2022**

Kæru Mývetningar nær og fjær. Það er með ólíkindum hvað tíminn flýgur og við verðum að gæta þess að njóta hverrar stundar. Hjá sveitarfélaginu er gleði og spenningur í lofti, enda árshátíð á næsta leyti.

### Tökum höndum saman!



Hörmungunum í Úkraínu fylgja áskoranir sem við verðum að takast á við saman. Ég vil hvetja alla sem eru með hús, íbúð eða annað viðeigandi húsnæðisúrræði fyrir flóttafólk að fylla sem allra fyrst út eyðublað á vef Fjölmenningsseturs - <https://www.mcc.is/is/ukraine/>

Sveitarfélög á landinu öllu hafa tekið af skarið og við ætlum svo sannarlega að standa okkar plikt í þétu samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu.

### Sameiningarmál

Undirbúningi vegna sameiningar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar miðar vel. Á liðnum vikum hefur undirbúningsstjórn um sameininguna ásamt vinnuhópum unnið að fjölmörgum málum. Þá hafa fulltrúar undirbúningsstjórnar fundað með hagsmunaaðilum um hina ýmsu málaflokka og átt gott samtál um tækifæri og skref fram veginn.

Undirbúningsstjórn hefur yfirfarið umsagnir Örnefnanefndar um þær tillögur sem undirbúningsstjórn sendi nefndinni í febrúar. Rafrænni hugmyndasöfnun lauk þann 3. febrúar og voru átta tillögur sendar til Örnefnanefndar til umsagnar en tillögurnar voru alls 281. Örnefnanefnd mælti með þremur heitum og hefur undirbúningsstjórnin ákveðið að þau heiti verði lögð fyrir íbúa í rafrænni skoðanakönnun í apríl, auk heitisins Þingeyjarsveit. Örnefnanefnd mælti ekki með fleirtölumynd heitisins. Tillögurnar sem verða lagðar fyrir í skoðanakönnuninni eru:

- Goðabping
- Laxárping
- Suðurping
- Þingeyjarsveit

Rafræn skoðanakönnun fer fram 4. – 19. apríl þar sem íbúum gefst tækifæri til að velja nafn á sameinað sveitarfélag Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Könnunin mun fara fram í samstarfi við betraisland.is, með sambærilegum hætti og hugmyndasöfnunin sem fór fram í febrúar. Þátttakendur munu skrá sig inn með rafrænum skilríkjum og mun þátttökuréttur verða bundinn við þá íbúa sveitarfélaganna sem hafa náð 16 ára aldri þann 10. mars sl.

Skuggakosning mun fara fram meðal nemenda í grunnskólum sveitarfélaganna á næstu vikum og verður spennandi hvaða nafn verður hlutskarpast hjá unga fólkinu.

Það kemur svo í hlut nýkjörinna fulltrúa í sameinuðu sveitarfélagi að taka ákvörðun um nafngiftina að kosningum loknum



## Kraftur og nýsköpun

Mikill kraftur einkennir atvinnulífið á svæðinu þessa dagana nú þegar við sjáum framúr faraldrinum. Nokkuð verður um nýframkvæmdir og aukin umsvif í atvinnurekstri. Mývatnsstofa hefur fengið leyfi til reksturs bændamarkaða í Breiðumýri, Ýdölum, Skjólbrekku og Kaffi borgum. Þá hefur Mýsköpun fengið leyfi til framleiðslu Spirulina fæðubótarefnisins. Síðast en ekki síst má nefna fyrirhugaða bjórframleiðslu Yngva Ragnars og Ásdísar í Sel Hótel. Skál fyrir ykkur öllum!

## Fjárfestahátíð á Siglufirði

Næstkomandi fimmtudag, þann 31. mars verður mjög áhugaverð fjárfestahátíð haldin á Siglufirði. Fulltrúar sveitarfélagsins munu mæta.

## Menntasókn í norðri

Eitt þeirra spennandi tækifæra sem sameining sveitarfélaganna felur í sér er á sviði skólamála. Skólarnir eru hjartað í samfélaginu og við þurfum að leggja allan okkar metnað í að þróa skólastarfsið með þarfir nemenda og vellíðan þeirra að leiðarljósi. Í því samhengi er þegar hafið samtal milli stjórnenda skólanna og fulltrúa sveitarfélaganna auk ráðgjafa um aukið samstarf og þróun skólastarfs. Verið að móta verkefni sem ber heitið „Menntasókn í norðri“ til að vinna áfram markvisst að þróun skólanna á svæðinu, en það er ekki síst hugsað til að mæta þeim áskorunum sem við búum við m.t.t. vegalengda.



# FJÁRFESTA HÁTÍÐ

**Norðanátt** stendur fyrir fjárfestaviðburði á Siglufirði 31. mars n.k. þar sem völdum fjárfestum og frumkvöðlum er boðið upp á ógleymanlegan dag á Siglufirði. Megináhersla er lögð á grænar lausnir sem falla að áherslum Norðanáttar, matur, orka, vatn.

**DAGSKRÁ**

**10:00** Ráðstefna um nýtingu auðlinda til nýsköpunar  
 Guðlaugur Þór Þórðarson - umhverfis-, orku-, og loftslagsráðherra  
 Þór Sigfússon - framkvæmdastjóri Sjávarklasans  
 Josh Klein - athafnamaður og frumkvöðull  
 Hólmfríður Sveinsdóttir - frumkvöðull og eigandi Mergur ráðgjöf

**12:00** Hádegismatur og tengslamyndun

**13:00** Fjárfestakynningar  
 Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir - ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar  
 Frumkvöðlar kynna sprotafyrirtækin sín - Alor, Green Fuel, Mýsköpun, Icelandic Eider, Ylur hátaeknigróðurhús, Hemp Pack, Baðlón á Skagaströnd, Slippurinn, Pelliscól, Grænafl.

**15:00** Skipulögð affþreying á Sigló. Skíði, bjórsmakk o.fl.

**20:00** Kokteilboð á Segli 67 Brugghúsi

Gisting á Hótel Sigló

Skráning fer fram hjá ferðaskrifstofunni Sóta.

## Árshátíð

Árshátíð starfsfólks Skútustaðahrepps er að bresta á og verður haldin föstudaginn 25. mars á Fosshótel Húsavík.

Þetta er í þriðja sinn á tveimur árum sem árshátíð starfsfólks stendur til en heimsfaraldur setti strik í reikninginn í þessu eins og öllu öðru. Mikil tilhlökkun er á meðal starfsfólk og lítur út fyrir að málshátturinn „allt er þegar þrennt er“ eigi vel við í dag. Við hlökkum til að njóta góðs félagsskapar og borða góðan mat saman!

## Músík í Mývatnssveit

Venju samkvæmt verður Músík í Mývatnssveit um páskana undir öruggri stjórn Laufeyjar Sigurðardóttur. Hátíðin verður haldin með hefðbundnu sniði í ár í dymbilviku. Tvennir tónleikar verða; á skírdag þann 14.apríl í Skjólbrekku og á föstudaginn langa þann 15.apríl í Reykjahlíðarkirkju.

## Tónleikar í Skjólbrekku

Mikið hefur verið um tónleikahald á svæðinu síðustu vikur og skemmst að minnast frábærra tónleika Valdimars og Margrétar Hildar í Skjólbrekku á dögnum.

Miðvikudaginn 8. apríl heldur svo veislan áfram samanber auglýsingu hér að neðan.

**TÓNLEIKAR**

**GRÍMUR HELGASON**  
KLARINETT

**HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR**  
SÓPRAN

**SEMION SKIGIN**  
PIÁNÓ

FLYTJA VERK EFTIR  
**BACH · SCHUBERT · SPOHR**

<b>6. apríl, kl 20</b> Hamrar, Ísafjörður <small>Í SAMSTARFI VIÐ TÓNLISTARFÉLAG ÍSAFIJARDAR</small>	<b>8. apríl, kl 20</b> Skjólbrekka, Mývatnssveit	<b>10. apríl, kl 16</b> Norðurljós, Harpa, Reykjavík <small>SIGILDIR SUNNUDAGAR</small>
--	--	--

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [HERDISANNA.COM](http://HERDISANNA.COM)

## Úrbætur í umhverfismálum hjá Landvirkjun

Í fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra kemur fram að Landvirkjun sé að ráðast í metnaðarfullar úrbætur í Kröflu og á Þeistareykjum. Úrbæturnar varða niðurdælingu á þéttivatni til að lágmarka losun þ.e. niðurdælingu á þéttivatni um nýja borholu til að lágmarka neikvæð áhrif þéttivatns á yfirborði og uppsetningu á vatnshreinsistöð sem lágmarkar losun á brennisteinsvetni og koldíoxíði vegna útblásturs frá Þeistareykjum. Til að átta sig á gríðarlegu umfangi má nefna að árleg losun koldíoxíðs í Kröflu nemur rúmlega 20.000 tonnum.

Gríðarleg tækifæri verða á svæðinu í þróun á nýtingu jarðvarmans sem þegar hefur verið beislaður, enda nýting jarðvarmavirkjana til raforkuframleiðslu aðeins bilinu á 10-20%.

## Hamingjukönnun 2022

Í upphafi kjörtímabilsins sem lýkur senn setti sveitarstjórn fram metnaðarfull markmið um að efla hamingju og vellíðan íbúa sveitarfélagsins. Unnið hefur verið mikilvægt frumkvöðlastarf í samvinnu við Embætti landlæknis, Sálfræðipjónustu Norðurlands og fleiri aðila. Þessi vinna hefur vakið athygli víða og dýrmæt reynsla skapast sem mikilvægt er að nýta og miðla til annarra.

Fyrir hönd stýrihópsins um verkefnið vil ég biðja íbúa Skútustaðahrepps að leggja verkefninu lið með því að svara könnun um líðan sem Þekkingarnet Þingeyinga er nú að vinna fyrir Skútustaðahrepp í fjórða skipti, svörun tekur bara örfáar mínútur.

Ýmsar ófyrirséðar breytur eins og Covid hafa haft áhrif á þessa vinnu og líf okkar allra, en þannig er bara lífið.

Slóð á könnun má finna hér -  
<https://www.surveymonkey.com/r/MZP3Q87>

## Hrós dagsins

Hrós dagsins fær ungmennaráð Skútustaðahrepps undir forystu Helga Price. Ungmennaráðið kom til fundar við sveitarstjórn í vikunni og fór yfir hverjar væru helstu áherslur ráðsins varðandi nýtt sameinað sveitarfélag og kynntu auk þess ýmis áhersluatriði sem sveitarstjórn mun vinna áfram að í samstarfi við ráðið.

Ungmennaráði eru þökkuð kraftmikil og mikilvæg störf í þágu samfélagsins alls.

**Helgi Héðinsson, sveitarstjóri**